

Arna Lísá Ingimarsdóttir
LOKA3VE05
Verkmenntaskóli Austurlands

Þróun leiks barna frá fæðingu

Hugmyndir að leik og leikföngum

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leikur barna	4
Skynjunarleikur (e. Sensory play)	4
0 – 12 mánaða (Einleikur)	5
Frá fæðingu til 3 mánaða	5
2 – 4 mánaða	5
3 – 5 mánaða	6
4 – 6 mánaða	6
6 – 9 mánaða	6
9 – 12 mánaða	7
1 - 2 ára (Einleikur)	7
2 – 3 ára (Hlið við hlið leikur)	8
3 - 4 ára börn (Tengslaleikur)	8
4 - 5 ára börn (Samvinnuleikur)	9
6 - 8 ára börn (Samvinnuleikur)	9
8 - 10 ára börn (Samvinnuleikur)	10
10 – 12 ára börn (Leikur dofna)	11
Lokaorð	12
Heimildaskrá	14

Inngangur

Viðfangsefnið sem ég mun fjalla um er þróunleiks barna allt frá fæðingu og þar til tímabili leiksins telst vera búið. Ég valdi mér þetta viðfangsefni þar sem ég á tvö börn sjálf og er mjög forvitin um leik barna og þróun hans. Áhuginn kviknaði þegar ég fór á uppeldisnámskeið sem heitir virðingarfultt uppeldi (e. respectful parenting) hjá Kristínu Maríellu, en hún hefur helgað sig þeirri uppeldisaðferð. Hún sýndi mér og öðrum foreldrum inn í líf sitt og barnanna og mér þótti leikföngin (efniviðurinn) svo ótrúlega falleg og heillandi og þar kviknaði áhuginn á skynjunarleikjum (e. Sensory play).

Í ritgerðinni mun ég fara yfir leikföng sem henta hverjum aldurshópi með tilliti til fræðinnar og eigin reynslu sem foreldri og einnig efnivið sem ýtir undir skynjunarleik (e. sensory play) hjá börnum á aldrinum 6 mánaða – 5 ára. Margar kenningar eru til um leik barna og margar leiðir til þess að kynna leik fyrir börnum, mismunandi leikföngum og hvetja þau til sjálfstæðis í þeim málum en ég mun koma inn á það helsta hvað varðar þróun leiksins og kynna helstu þroskastökkin.

Þó að leikur og leikföng séu tengd við ákveðin aldurstímabil í ritgerðinni þá eru börn misjöfn og er ritgerðin eingöngu viðmið byggt á fræðunum. Hafa þarf í huga að börn eru misjöfn, taka þarf tillit til barna sem eru fljótari eða seinni í þroska og þeirra með þroskafrávik og sníða þannig öruggan leik sem hentar hverju og einu barni.

Ritgerðin skiptist í 3 kafla og síðan undir kafla. Fyrstur er fræðilegi kaflinn þar sem farið verður yfir leikinn, hlutverk hans, hvað skynjunarleikur er og hver ávinningur slíkra leikja sé. Annar kafli er um þróun leiksins og ákjósanleg leikföng fyrir hvert aldurstímabil og seinasti kaflinn er lokaorð/umræða.

Leikur barna

Líkt og Kenneth segir þá er leikur partur af þroskaferli barna og byrjar strax á fyrstu vikum í lífi þeirra. Þó að leikurinn virðist ekki merkilegur á fyrstu vikum ævi barns þá þróast hann hratt og gegnir hann stóru hlutverki alveg fram að unglingsárum. Leikurinn er mikilvægur bæði fyrir andlegan- og líkamlegan þroska. Hann eflir ímyndunaraflíð, krefst notkunar gróf- og fínhreyfinga og eflir þær. Hann eflir líka vitrænan- og tilfinningalegan styrk. Hann hjálpar börnum að mynda félagsleg tengsl og gerir þeim kleift að uppgötva heiminn og efla færni sína og skilning til að takast á við heiminn einn daginn sem fullorðinn (Kenneth, 2007).

Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum, þó að nærvera fullorðinna sé oft ákjósanleg. Leikur getur verið krefjandi og kennir börnum að deila, hjálpa, treysta og leysa ágreining (Aðalnámskrá Leikskóla, 2011).

Samkvæmt því sem Parton segir skiptist leikurinn í sex stig. Fyrsta stigið er mannlús leikur (e. occupied play) þar sem barnið nýtur sín best liggjandi að uppgötva eigin útlími og hreyfigetu. Það tímabil er frá fæðingu að 3 mánaða. Næsta stig er einleikur (e. solitary play) þar sem börn kjósa að leika án leikfélaga en þykir þó gott að hafa nærveru fullorðins þó þau deili ekki leik með þeim. Það tímabil er frá fæðingu að 2 ára. Næsta stig er áhorfenda tímabilið (e. spectator) þar sem barnið er farið að fylgjast með í kringum sig. Það fylgist með leik annara barna en kýs ennþá að leika sér eitt og sér og deilir ekki leik með öðrum börnum. Fjórða stigið kallast hlið við hlið leikur (e. paralell play). Á því stigi eru börn farin að leika sér nær öðrum börnum en leika ekki endilega við þau. Það stig er frá 2 ára og upp úr. Fimmta stigið kallast tengslaleikur (e. associative play). Þar leika börn sér í hóp en deila ekki endilega leik heldur geta þau öll verið á sama blettinum með kubba en öll í sitthvorum leiknum. Það stig er frá 3 til 4 ára. Sjötta og seinasta stigið kallast samvinnuleikur (e. cooperative play) og þar eru börn farin að deila sama leiknum með öðrum börnum og leika sér í hóp (Parton M.B. 2016).

Skynjunarleikur (e. Sensory play)

Skynjunarleikur er leikur sem þróast með notkun skynfæranna og örvar þau. Í skynjunarleik notast börn við sjón, hljóð, lykt, bragð eða snertingu (Anna Rodgers, 2019). Leikir byggðir á

þennan hátt eru sjálfsprottir þar sem börnin fíkra sig áfram og leyfa forvitninni að ráða för. Skynjunarleikir styrkja taugatengingar í heila ungbarna, hvetja til gagnrýnnar hugsunar auk þess sem þeir efla hreyfiproska og málþroska svo eitthvað sé nefnt. Það að gefa barni tækifæri og svigrúm til að upplifa og kanna heiminn á sínum hraða og sínum forsendum eykur traust barnsins til umhverfisins (Sigrún Yrja, 2020).

Skynjunarleikur getur verið mjög ódýr leið til leiks þar sem mikið er lagt upp úr því að nota náttúruna og efnivið úr náttúrunni. Ólíkt venjulegum leikföngum þá býður skynjunarleikur uppá svo margvísleg leikföng, allt frá steinum úr bílastæðinu upp í fjaðrir keyptar úti í búð. Þær kröfur sem settar eru á efnivið til að efniviður teljist hentugur er að hann örvi eitt eða fleiri af skynfærunum okkar (Sigrún Yrja, 2020).

0 – 12 mánaða (Einleikur)

Frá fæðingu til 3 mánaða er leikurinn ekki mikill en áhuginn fyrir umhverfinu er það hins vegar, sem er góður grunnur fyrir komandi tíma. Börn eyða mestum tíma sofandi eða drekkandi á þessum fyrstu vikum lífsins en fara fljótt að sýna umhverfinu áhuga og festa augun gjarnan á formum eða skörpum litaskilum. Fyrir þennan aldur er mjög þroskandi að tala við börnin, raula fyrir þau, hengja leikföng/óróa fyrir ofan rúmið þeirra og leyfa þeim að fylgjast með (Höf. óg. 2015).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru hljóð, söngur eða spjall við foreldra, órói eða annað sambærilegt til að hengja fyrir ofan rúm eða setja spegil á mótí andliti barns og leyfa því að skoða sjálf sig.

2 – 4 mánaða fara börn að sýna umhverfinu áhuga, skoða og virða hluti í kringum sig fyrir sér. Þau bregðast við kunnuglegum andlitum og röddum og því eru foreldrar fyrstu leikfélagar barna sinna. Þó þau hafi hvorki þroska né getu til að leika sér með leikföng þá er þetta aldurinn þar sem andlit annara og litir vekja upp áhuga þeirra og forvitni. Á þessum aldri fara þau einnig að veita hljóðum meiri eftirtekt, svo söngur gæti fengið þau til að sýna viðbrögð jafnt sem leikföng sem gefa frá sér hljóð eins og hristur (Höf. óg. 2015).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru svarthvítar myndir eða litríkar myndir með skörpum skilum, ljós og skuggar og hristur.

3 – 5 mánaða börn sýna umhverfinu áfram mikinn áhuga. Á þessum aldri fer samband augna og handa að styrkjast og því fara þau að geta gripið um hluti. Þau grípa um fingur þess sem er nálægt þeim, reyna að grípa í nef þess sem heldur á þeim og þykir spennandi þegar þau heyra skemmtileg hljóð (Sharon Mazel, 2019). Á þessum aldri er gott að hafa þau á leikteppi eða einhverju mjúku undirlagi á gólfi, þau byrja fljótlega að kanna heiminn betur og velta sér yfir á maga og bak.

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru foreldrarnir sjálfir (tala við barnið, syngja..), hristur sem auðvelt er að grípa um og leikföng með hljóðum sem heyrast auðveldlega þegar þau eru snert (spriklað í, slegið í eða hrist).

4 – 6 mánaða börn sýna umhverfinu áfram mikinn áhuga en fara að líta aðeins nær sér. Þau uppgötva eigin útlimi og vilja stinga fingrum og öðrum hlutum í munninn á sér. Það að setja allt í munninn er þeirra leið til að kanna mismunandi áferð, bragð og eiginleika hlutar (Höf. óg. 2015). Sú þroskafrámför sem á sér stað á þessum tíma, að stinga öllu í munninn opnar dyr til að kynna þau fyrir skynjunarleik (sensory play).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru leikföng sem gefa frá sér hljóð, leikföng sem hafa mismunandi áferð eins og mjúkar bækur, þroska leikteppi, rúnaðir hlutir sem hægt er að naga og naghringir. Börnum þykir einnig gaman að láta syngja fyrir sig og/eða hlusta á tónlist.

6 – 9 mánaða börn eru farin að sýna leik meiri áhuga og þykir gaman að hafa aðrar manneskjur með sér í leik eða til að leika við sig. Eins og með yngri börn þá eru þau ennþá að stinga flestum leikföngum í munninn á sér og það mun halda áfram fram yfir 1 árs aldurinn. Það sem gerir leikinn skemmtilegri er að núna eru þau farin að sitja með eða án stuðnings og eru farin að geta flutt hluti frá annari hendi yfir í hina (Landlæknir, 2004). Á þessum aldri er gaman að kynna börn fyrir skynjunarleik sem krefst notkunar og eflir þroska skynfæra þeirra eins og að sulla með vatn og leika með cheerios í dalli.

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru leikföng sem hafa mismunandi áferð, hlutir sem gott er að naga og trékubbar eru mjög vinsælir meðal þessa aldurs. Leikur með foreldri gæti verið að stafla kubbum, fela hlut undir taubleyju og fá barnið til að taka teppið af, blása sápukúlur og barnið sprengir o.fl.

**Skynjunarleikur fyrir þennan aldur gæti verið sull með vatn, cheerios í dalli til að skoða og fikta með og útivera í náttúrunni.*

9 – 12 mánaða börn eru farin að njóta sín í flóknari leik. Mörg hver geta ýtt áfram bílum og hermt eftir þeim „brrrr“, geta látið dýr ganga og hermt eftir helstu hljóðum eins og „muu“ eða „mee“. Þau skilja feluleik þar sem andlit eða hlutir eru huldir og síðan gerðir sýnilegir til skiptis (Arna Líska Ingimarsdóttir, foreldri). Fínhræfingar þeirra eru orðnar það góðar að þau geta staflað upp tveim kubbum og haldið á þrem kubbum, getur sett rúsínur niður stút á flösku, tekið upp cheerios með fingrunum, raðað stórum púslum á sinn stað og fleira í þeim dúr (Heilsuvera, 2019). Á þessum aldri eru börn farin að geta gleymt sér í leik til lengri tíma. Börnum á þessum aldri þykir skynjunarleikur mjög skemmtilegur (Mary L. G. 2019).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru trékubbar sem auðvelt er að stafla, bílar, helstu húsdýrin, bækur, meira krefjandi þroskaleikföng, gönguvagnar, dúkkur/bangsar og auðveld púsl. Skynjunarleikur gæti verið sull með vatn, malað cheerios til að leika með eins og sand, barnvænn leir sem má stinga í munn, barnvæn puttamálning og útivera í náttúrunni.

1 - 2 ára (Einleikur)

Börn á þessum aldri hafa lært margt af reynslunni og eru farin að skilja hvernig helstu leikföng virka eins og bílar, dýr, kubbar, boltar o.fl. Á þessum aldri eru börnin mjög upptekin af sjálfum sér og leika sér ekki við leikfélaga heldur einangra þau sig í leik með sjálfum sér. Þau eru ennþá að stinga leikföngum í munninn, skipta gjarnan ört um leikfang og eyða meiri tíma gangandi að skoða heldur en sitjandi í eiginlegum leik. Þau fylgjast þó gjarnan með öðrum og herma eftir (Höf. Óg. 2002). Börn á þessum aldri skilja ekki reglur. Á þessum aldri fara börn að læra ganga og því mikilvægt að gefa þeim leiksvæði sem er öruggt fyrir þau og þar sem þau geta leikið frjálsum leik (Heilsuvera, 2019).

Ákjósanleg leikföng fyrir þennan aldur eru bangsar, kubbar, þroskaleikföng, litlar leikstöðvar með áhugaverðum leikföngum. Einföld púsl, litríkar bækur með myndum, form til að setja í þar til gerðan formadall, gönguvagn, húsdýr og fleira einfalt en áhugavert.

Skynjunarleikur fyrir þennan aldur gæti verið vatn í bala og hlutir til að sulla með, leikur með sand úr cheeriosi ásamt aukahlutum, leir sem má borða og form og öll útivera í náttúrunni.

2 – 3 ára (Hlið við hlið leikur)

Börn á aldrinum 2-3 ára leika í svokölluðum samhliðaleik þar sem áhugi fyrir leikfélaga byrjar. Börn á þessum aldri eru mjög upptekin af því sem barnið við hliðina á þeim er að gera. Þau eiga það til að rífa leikfang af viðkomandi og vilja alls ekki skila því. Börn skilja ekki ennþá reglur í leik og því þarf að fylgja þeim í leik og upplýsa þau um mörk leiks. Á þessum aldri verða leikföngin mjög merkileg, þau vilja safna þeim og engin má taka. Viljastyrkur og sjálfstæði eykst sem og málþroskinn (Hildur Sif Sigurjónsdóttir og Þórdís Eva Þórólfsdóttir, 2012). Börn á þessum aldri fara að sýna hlutverkaleik áhuga. Hlutverkaleikur er þegar börn fara að færa hlutverk fullorðinna í daglegu lífi yfir í leik eins og mömmó (þar sem barn setur sig í hlutverk móður og önnur börn eru gjarnan aðrir fjölskyldumeðlimir, gæludýr og/eða börn móðurinnar), dýraleikur, börn herma eftir tannlæknum, hárgreiðslufólki, vörubílstjórum o.þ.h. Þar nota börn gjarnan hluti eins og eldhúshluti, snyrtivörur, hárgreiðsluvörur og fleira sem tengist leiknum þeirra (Leikskólinn Sólbrekka, 2003).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru kubbar, Duplo kubbar, boltar og boltaleikur, dýr, bílar og síðan hlutir fyrir hlutverkaleik eins og eldhúsmunir, snyrtivörur (sjampóbrúsar, hárburstar, fõrðunarbustar..), búningar eða fõt. Vinsælt hjá þessum aldri eru lítill eldhús, sparkbílar, dúkkuvagnar og dúkkurúm. Skynjunarleikur fyrir þennan aldur gæti verið vatn í fati og hlutir til að sulla með, lituð hrísgrjón og áhöld, leir, sandur og áhöld, efnisbútar eða mismunandi efniviður til að leika frjálst með undir leiðsögn foreldra svo sem steinar, greinar, skeljar og fjaðrir.

3 - 4 ára börn (Tengslaleikur)

Á þessum aldri eru börn farin að geta leikið sér saman í óskipulögðum leik. Sem þýðir að þau geta leikið sér saman, hlegið og haft gaman þó að leikurinn hafi ekki sérstakt markmið og þau öll með mismunandi sýn á leikinn sjálfan. Sem dæmi; þau eru öll í eldhúsleik þar sem eitt barnið er kokkur að elda, annað barnið er faðir að elda kvöldmat fyrir heimilið en þriðja barnið er að útbúa snarl fyrir risaeðluna sína (Julia Pelly, 2020). Þau eru þó farin að vera áhugasamari um regluleiki og geta dottið inn í leik sem hefur markmið og þar sem þau þurfa

að fylgja einföldum reglum svo leikurinn gangi upp eins og feluleikur, hver er undir teppinu og slíkt (Leikskólinn Sólbrekka, 2003). Þeim þykir ótrúlega gaman í ærslaleikjum og hlaupa mikið um og fíflast frekar en að sitja og dunda sér (Landlæknir, 2004).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru púsl, bílar og bílabrautir, dúkkur og dúkkuvagn, hlutverkaleikmunir (föt, búningar, eldhúsdót, plast verkfæri..), litlir kallar (Playmo, Duplo lego..), dúkkuhús, trélest og teinar og bækur. Skynjunarleikur fyrir þennan aldur gæti verið vatn í fati og hlutir til að sulla með, lituð hrísgrjón og áhöld, leir, sandur og áhöld, efnisbútar eða mismunandi efniviður til að leika frjálst með svo sem steinar, greinar, skeljar og fjaðrir.

4 - 5 ára börn (Samvinnuleikur)

Á þessum aldri eru börn farin að deila leik þar sem leikurinn felur í sér að ná einhverju ákveðnu markmiði eins og til dæmis að klára púsl. Einnig eru þau farin að leika sér saman í skipulögðum leik (Höf. Óg. 2020). Þar sem við höfum sem dæmi fjölskyldu, þar eru foreldrar, börn og hundur sem öll eru á leiðinni í vinnuna og þurfa að hjálpast að inni á „heimilinu“ svo allir komist úr húsi réttum tíma. Börn á þessum aldri leitast mikið í listsköpun. Við leikinn þeirra bætist áhugi á listsköpun eins og að lita, mála, klippa, líma og skreyta. Þessi aldur er oft upptekinn af reglum í leiknum sínum og passa að þeim sé framfylgt. Sem dæmi ef börn eru í röð að kasta bolta þá eru þau mjög athugul um það hvar þau eru stödd í röðinni og hver eigi að gera næstur (Leikskólinn Sólbrekka, 2003).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru flest öll leikföng, einföld spil, hlutverkaleikföng og hlutir til listsköpunar eins og skæri, lím, límbönd, tímarit, blöð, litir og málning. Skynjunarleikur fyrir þennan aldur getur verið hvaða efniviður sem er þar sem þau hafa kunnáttuna og þroskann til að leika sér með allan efnivið.

6 - 8 ára börn (Samvinnuleikur)

Á þessum aldri eru börn farin að leita í að leika með vinum og njóta þess að hafa félagsskap frá öðrum krökkum og eiga auðvelt með að tvinna saman leik með leikfélaga, sem er yfirleitt af sama kyni og þau sjálf. Börn á þessum aldri leika sér mikið úti í náttúrunni, í útileikjum og sækjast frekar í slíkt heldur en innileiki. Þau eru á fullu að efla gróf- og fínhyfingarnar og leika sér mikið í leikjum sem reyna á þolið eins og að hjóla, skauta, spila fótbolta og aðrar

sambærilegar íþróttir, hoppa á milli leiktækja og klifra. Innileikir sem þau hafa gaman af eru dramatískir hlutverkaleikir, þar sem þau herma eftir raunverulegu lífi fólks, fara í þykjustunni bíó, versla í þykjustunni í búð o.fl. Þau eiga erfitt með að tapa og eru líkleg til að svindla í leikjum eða spilum. Leikurinn fer úr því að vera einfaldur og auðskiljanlegur yfir í að verða áhugaverður og litaður ímyndunaraflinu. Börn á þessum aldri hafa frjótt ímyndunarafl og eru sjaldnar en ekki að vinna að uppgötvunum eða kanna eitthvað vísindalegt. Þau hafa gaman af púslum, fræðslubókum (mannslíkaminn, geimurinn, dýrin..) og vísindadóti. Börn á þessum aldri eru búin að finna sig í tómsund eða áhugamáli sem þau vilja stunda (Toys and play, 2018).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru sem dæmi reiðhjól, stór sett af kubbum eins og seglakubbum eða Lego kubbum, raunverulegir litlir bílar og bílateppi, fjarstýrðir bílar, stærri dúkkuhús með innbúi og dúkkum, bangsar, töfrasett og hlutir fyrir dramatískan leik (sem dæmi: búð, skóli, bókasafn, skrifstofa..). Skynjunarleikur gæti verið fjöruferð, berjamó, skógarferð, sund, sull með vatn í bala, leikur með garðúðara í garðinum, leikur með hrísgrjón og áhöld, leikur með sand og áhöld.

8 - 10 ára börn (Samvinnuleikur)

Líkt og Amy segir þá eru börn á þessum aldri eru búin að tengjast föstum leikfélögum sem þau leita frekar til heldur en annara til að leika og þau kjósa frekar að leika við vini heldur en ein. Þau njóta þess að leika sér í hópum við krakka sem deila svipuðu eða sama áhugamáli. Leikurinn þeirra heldur áfram að þróast og færast yfir í langtímaleik eða leik sem á sér stað yfir lengra tímabil en nokkrar klukkustundir. Sem dæmi gæti það verið bær byggður úr lego kubbum sem barnið leikur sér með daglega og leikurinn er í stöðugri þróun, það bætast við byggingar, fólk fæðist eða deyr og það myndast einskonar þróunarsaga. Börn halda áfram að þróa áhuga sinn á tómsundinni sinni og áhuginn fyrir því að bæta sig í sinni grein eykst og þau eru farin að geta gagnrýnt sjálf sig. Einnig sýna þau því mikinn áhuga að byrja að axla ábyrgð og vilja gjarnan taka þátt í athöfnum heimilisins og endurspegla þau áhuga-sinn á daglegu lífi í hlutverkaleik (Amy Morin, 2020).

Ákjósanlegur leikur og leikföng fyrir þennan aldur eru leikföng sem tengjast áhugamálunum þeirra, fræði- og vísindabækur, tölvuleikir sem henta þeirra aldri, hlutir til

hlutverkaleiks (búningar, föt, eldhúsdót, dúkkudót, verkfæri...), Lego kubbar, seglakubbar, Playmobil, kúlubrautir, dúkkur og dúkkuhlutir, flóknari púsl, litir og mandölu litabækur.

10 – 12 ára börn (Leikur dofna)

Á þessum aldri fara börn að vera varari um sig í daglegu lífi og þau vita að hegðun þeirra og ákvarðanir hafa áhrif á hin börnin í vinnuhópnum. Börn á þessum aldri hafa gaman af borðspilum og vísindaprættum og sinna gjarnan áhugamálunum sínum mjög vel (Development through play, 2020). Á þessum aldri fer athygli þó að fjara frá leiknum og færast meira yfir á áhugamálin þar sem áhugamálin verða þeirra nýja daglega afþreying. Þó að leikurinn sé ekki gleymdur þá er hann oftast en ekki orðinn mjög takmarkaður en þau njóta þess þó að vinna með flóknari afþreyingu eins og að baka, smíða, skapa, hanna og spila tölvuleiki (Höf. óg. 2002).

Afþreying fyrir þennan aldur gæti verið áhugamálin, tómstundirnar, heimilisverk svo sem að taka til, baka, taka þátt í viðhaldi, garðvinna o.fl., borðspil, púsl, vísinda- og tilraunastarfsemi, fræði- og vísindabækur, tölvuleikir, förðun og tíska, föndur úr efnivið (e. DIY).

Lokaorð

Ljóst er að leikurinn hefst strax á fyrstu vikum barna. Þó að leikurinn sé ekki flókinn eða umfangsmikill í fyrstu þá er ótrúlega fróðlegt og fallett að sjá hann þróast og mótast í eitthvað sem er eins og skúlptúr. Leikurinn þróast samhliða þroska barna og hefur þroski og geta bein áhrif á það hvernig leikurinn er. Leikurinn skiptist í 6 stig en þau eru mannlús leikur (e. occupied play) og er það tímabil frá fæðingu til 3 mánaða. Annað stigið er einleikur (e. Solitary play) og er það frá fæðingu að 2 ára. Þriðja stigið er áhorfenda tímabilið (e. spectator) og er það tímabil um 2 ára aldurinn. Fjórða stigið er hlið við hlið leikur (e. parallell play) en það er frá 2ja ára og upp úr. Fimmta stigið er tengslaleikur (e. associative play) og er það stig frá 3 ára til 4 ára. Sjötta og síðasta leikstigið er samvinnuleikur (e. cooperative play) og er það frá 4 ára og upp úr. Öll hafa þessi stig hlutverk til að koma leiknum áfram á endanlegt stig, sem er samvinnuleikurinn. Samvinnuleikurinn heldur síðan áfram að fylgja okkur út lífið í ákveðnu formi og er hann einskonar grunnur fyrir það sem koma skal sem fullorðinn einstaklingur. Hvort sem það er að deila með öðrum, hjálpast að, fylgja reglum eða setja mörk þá er þetta eitthvað sem við höfum tileinkað okkur út frá leiknum okkar sem börn. Leikurinn er eitthvað sem fylgir okkur út lífið og án leiksins værum við ekki við sjálf eins og við erum í dag.

Ritgerðin er ekki alveg eins og ég hafði í huga enda gífurlegt magn af mismunandi nálgunum, uppeldisaðferðum og fræðum þegar kemur að leik barna og því þótti mér svolítið erfitt að gera tímalínu út frá öllum þessum upplýsingum. Þróun leiksins er ekki bara leikurinn sjálfur heldur allur þroskinn á bakvið það afhverju leikurinn er eins og hann er á hverju stigi. Ef ég hefði sett niður allar þær upplýsingar sem internetið gaf mér, bara til þess að kryfja og skilja leikinn þá gæti ég skrifað endalaust og þetta yrði frekar flókið lesefni. Svo einhversstaðar þurfti ég að sigta út svipaðar upplýsingar og setja niður á blað. Loka aldursbilið, leikurinn frá 10 – 12 ára hefur engar hugmyndir að leik eða leikföngum frábrugðið öðrum aldursbilum þar sem ég fann engar upplýsingar um nein sérstök leikföng eða leiki. Þessi aldur sinnir yfirleitt bara áhugamálunum og þau eru orðin þeirra leikur.

Mér þótti þetta ótrúlega spennandi ritgerðarefni til að byrja með og í lokin þótti mér það ennþá meira spennandi ef eitthvað er. Eftir að ég áttaði mig á þessum hafsjó af upplýsingum sem segja okkur til um það hversvegna leikurinn er eins og hann er þá langaði

mig bara endalaust að lesa áfram. Þetta var einstaklega skemmtilegt verkefni.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá Leikskóla. (2011). Aðalnámskrá Leikskóla. *Stjórnarráðið*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Reykjavík.

Amy Morin. (2020, 27. júlí). 8-year-old child developmental milestones. Very well family. Sótt 20. apríl 2021 af <https://www.verywellfamily.com/8-year-old-developmental-milestones-620729>

Anne Rodgers. (2019, 24. janúar). Sensory play in the early years. *Early years resources*. Sótt 7. apríl 2021 af <https://www.earlyyearsresources.co.uk/blog/2019/01/sensory-play-early-years/>

Christophersen E.R. Ph.D, Mortweet S.L. Ph.D. (2004) Uppeldisbókin: Að byggja upp færni til framtíðar. Reykjavík: Skrudda.

Development through play. (2020, 24. nóvember). Good toy guide. Sótt 20. apríl 2021 af <https://goodtoyguide.com/development-through-play-9-to-12-year-olds/>

Sharon Mazel. (2019, 14. janúar). When do babies start grabbing toys and other objects? *What to expect*. Sótt 27. mars 2021 af <https://www.whattoexpect.com/first-year/grabbing/>

Heilsuvera. (2019, 15. ágúst). Þroski 1-2 ára barna. Sótt 24. Apríl 2021 af <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/throski-barna/throski-1-2-ara-barna/>

Hildur Sif Sigurjónsdóttir og Þórdís Eva Þórólfsdóttir. (2012). Leikur í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla. (B. Ed. Próf). Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. Sótt 19. apríl af <https://skemman.is/bitstream/1946/12220/1/Leikur%20%C3%AD%20leikskóla%20og%20á%20yngsta%20stigi%20grunnskóla%20-%20Hver%20er%20staða%20hans%20og%20hvernig%20má%20nýta%20hann%20%C3%AD>

[%20fjölmenningarlegu%20skólastarfi.pdf](#)

Höfundar ógetið. (2002, september). Basic abilities and play preferences: Birth to age 12.

The natural child project. Sótt 20. apríl 2021 af

https://www.naturalchild.org/articles/research/ages_stages.html

Höfundar ógetið. (2015, 26. febrúar). Stage of play from birth to 6 months old: A full body experience. *Zero to three*. Sótt 27. mars 2021 af

<https://www.zerotothree.org/resources/312-stages-of-play-from-birth-to-6-months-a-full-body-experience>

Höfundar ógetið. (2020, 1. júlí). Child development at 4-5 years. *Raising Children*. Sótt 20.

apríl 2021 af <https://raisingchildren.net.au/preschoolers/development/development-tracker/4-5-years>

Julia Pelly. (2020, 23 apríl). What is cooperative play? Defenition, examples and benefits.

Healthline. Sótt 20. apríl 2021 af <https://www.healthline.com/health/childrens-health/cooperative-play>

Kenneth. R.G. (2007). *The importance of play in promoting healthy child development and maintaining strong parent-child bonds*. American Academy of Pediatrics: Illinois.

Landlæknir. (2004, 16. mars). Proski og geta barna. *Landlæknir*. Sótt 5. apríl 2021 af

<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item16342/Throski-og-geta-barna#manada6>

Leikskólinn Sólbrekka. (2003). Námskrá Sólbrekku. *Seltjarnarnes*. Sótt 19. apríl 2021 af

<http://www.seltjarnarnes.is/media/leikskolar/solbrekka/ny-utgafa-a-namskr-HS.pdf>

Mary L. Gavin. (2019, júlí). Learning, play, and your 8- to 12- month-old. *Kids Health*. Sótt 14.

apríl 2021 af <https://kidshealth.org/en/parents/learn812m.html>

Parton M. B. (2016). *Social participation among pre-school children*. The journal of abnormal and social psychology: USA.

Sigrún Yrja. (2020, 3. febrúar). Skynjunar leikir. *Always remember to play*. Sótt 7. apríl 2021 af <https://alwaysremembertoplay.com/is/skynjunarleikir/>

Toys and play: 6- to 8- year old. (2018). Seattle Children's. Sótt 20. apríl 2021 af <https://www.seattlechildrens.org/globalassets/documents/for-patients-and-families/ce/CE196-toys-and-play-6-to-8-year-olds.pdf>